



**Samband hreyfinga á vegstæði við Siglufjarðarveg í Almanningum og veðurfarsþátta. Elías Arnar Nínuson og Þorsteinn Sæmundsson, Háskóli Íslands – mars 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Siglufjarðarvegur sem liggur um vestanverðan Skagafjörð um Almennunga í Fljótum er mikilvæg samgönguæð fyrir allan Tröllaskaga. Allt frá lagningu vegarins árið 1968 hefur viðvarandi jarðsig valdið miklum áskorunum Vegagerðar. Jarðsigið er bundið við þrjú berghlaup sem kortlögð hafa verið á um 5-6 km löngum kafla allt frá Hraunum í suðri að Almenningsnöf í norðri. Virkni berghlaupanna er breytileg eftir tíma og staðsetningu og er talið að veðurfarsþættir á borð við úrkomu og leysingar hafi mikil áhrif á þessa virkni. Í þessari skýrslu er fjallað ítarlega um þekkta atburði tengda aukinni virkni í berghlaupum Almennunga og rýnt í tengsl þeirra við veðurfarsþætti. Þekktir atburðir voru skráðir niður á kerfisbundinn hátt og voru 50 atburðir skráðir frá tímabilinu 1916 - 2020. Unnið var með hita- úrkomu- og vindgögn úr fimm veðurstöðvum frá árunum 1950 til 2021 ásamt því að ritaðar heimildir úr Veðráttunni voru nýttar til stuðnings. Niðurstöður sýndu að af 50 skráðum atburðum voru 36 þeirra tengdir úrkomu eða leysingum en aðeins 1 atburður sýndi ekki tengsl. Eftir voru 13 atburðir sem ýmist spönnuðu löng tímabil eða voru ekki tímasettir og því ógerlegt að segja til um tengsl. Þessi skýrsla er ætluð sem gagnagrunnur að ítarlegri rannsóknum á þessum þáttum og veitir því ítarlega og sjónræna yfirsýn yfir öll þau gögn sem til eru um þessa ferla í Almanningum.